

Nr. 342

27. mars 2019

AUGLÝSING um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Hestheimar.

Deiliskipulagið tekur til þriggja landspildna (landnr. 165277, 212134 og 209012) í Hestheimum. Breytingin felur í sér meðal annars að byggingarmagn á byggingarreit Í1 er aukið um 50 m² þar sem heimild er til að stækka núverandi íbúðarhús og byggja bílskúr. Hámarksstærð húss og bílskúrs getur verið samanlagt allt að 350 m². Þá er afmörkuð lóð fyrir íbúðarhús, Í2. Byggingarreitur Ú2 fyrir hesthús er færður til. Innan hans er heimilt að byggja allt að 2.000 m² hesthús/reiðskemmu. Byggingarreitur fyrir gestahús, Í3, er einnig færður og innan hans er gert ráð fyrir allt að 8 húsum sem hvært um sig getur verið allt að 40 m².

Samþykkt af hreppsnefnd þann 21. nóvember 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. mars 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2019